



Vinnureglur vegna mjög alvarlegra uppákoma

Með mjög **alvarlegum uppákomum** er átt við hegðun nemenda eða gjörðir sem stofna nemendum í hættu.

Samstarfsaðilar skólans í málum sem þessum eru foreldrar nemanda, barnaverndarnefnd, sérfræðiþjónusta skólans, heilsugæsla og lögregla, eftir því sem við á.

Vinnureglur:

- Málið tilkynnt til skólastjórnenda sem vinna málið. Skólastjórnendur ræða við aðila málsins. Þeir afla upplýsinga frá þeim sem urðu vitni að atburðinum. Skólastjórnendur hringja í foreldra þeirra nemenda sem eiga hlut að máli og þeir boðaðir strax í skólann.
- Farið yfir málið með foreldrum og nemenda/um. Einnig farið yfir þessar vinnureglur og 41.gr. grunnskólalaga nr. 66/1995. Nemandi fer heim með foreldrum og verður frá skóla það sem eftir er dagsins eða næsta dag. Í samráði við foreldra leggur skólinn til næstu skref. Ákveðin verða einstaklingsbundin úrræði og málinu komið í viðeigandi farveg hjá skóla og samstarfsaðilum.
- Málið er tilkynnt til barnaverndarnefndar. Lögreglu tilkynnt um málið ef ástæða þykir til.
- Í samvinnu við samstarfsaðila er sett fram aðgerðaráætlun. Skólastjórnendur sjá til þess að henni sé fylgt. Jafnframt skal skóli halda skrá um atburði út frá sjónarhóli allra aðila og viðbrögð skóla og framvindu máls.
- Skólinn fer fram á að nemandi/ur sæki viðtöl við aðila innan skólans eða utan (t.d. við umsjónarkennara, hjúkrunarfræðing, félagsráðgjafa, kennsluráðgjafa sérfræðiþjónustu eða skólasálfræðing).

Vinnureglurnar eru settar í samráði við Skólaskrifstofu Austurlands